

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 29. ágúst 2023

Mál nr. S-2076/2022:

## Ákærvaldið

(Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Björgvin Jónsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 4. júlí 2023, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 1. nóvember 2022, á hendur X, kt. 000000-0000, [...], „fyrir brot í nánu sambandi með því að hafa:

1. Þriðjudaginn 30. ágúst 2016, veist með ofbeldi að dóttur sinni, A, kt. 000000-0000, á heimili þeirra að [...], og slegið hana í andlit og því næst elt hana inn í svefnherbergi og sparkað í efri búk hennar, allt með þeim afleiðingum að A hlaut sprungna vör, roða og eymsli í kringum rifbein.

Mál nr. 007-2018-24787

2. Þriðjudaginn 26. mars 2019, að [...], hótað dóttur sinni, A, kt. 000000-0000, svo miklum barsmíðum að hún gæti ekki andað fyrir blóði ef hún færi ekki inn í herbergi sitt og í kjölfarið hótað syni sínum, B, kt. 000000-0000, barsmíðum, en hótanirnar voru til þess fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði og velferð A og B.

Mál nr. 007-2019-17730

Teljast framangreind brot varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Fyrir hönd A, kt. 000000-0000, gerir Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður, þá kröfu að ákærða verði gert að greiða A miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 17. apríl 2018 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Fyrir hönd B, kt. 000000-0000, gerir Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður, þá kröfu að ákærða verði gert að greiða B miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 17. apríl 2018 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu og þess að einkaréttarkröfum verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann þess að ákvörðun um refsingu verði frestað skilorðsbundið en til þrautavara vægustu refsingar. Að því er varðar einkaréttakröfur krefst hann til vara þess að þær verði stórlega lækkaðar.

#### Málavextir

Samkvæmt lögregluskýrslu kom A, annar brotþola þessa máls, á lögreglustöð hinn 18. apríl 2018 og kærði föður sinn, X, ákærða í þessu máli, fyrir líkamsárás og heimilisofbeldi. Í skýrslunni er haft eftir henni að hún hafi alltaf búið við mikið ofbeldi á heimilinu af hendi ákærða. Foreldrar hennar séu frá [...], ákærði hafi flutt til Íslands [...] en móðir hennar, C, hafi flutt hingað [...]. A eigi tvo yngri bræður, B fæddan [...] og D fæddan [...]. Í skýrslunni er haft eftir brotþolanum að hún geti ekki talið upp öll þau tilvik þar sem hún hafi orðið fyrir ofbeldi en hún muni eftir að ákærði hafi slegið hana utan undir fjögurra ára gamla eftir að hún hafi misst niður glas. Þá beiti ákærði fjölskylduna „miklu andlegu ofbeldi“ og fyrir framan börnin saki hann móður þeirra um

ótryggð. Í eitt skipti hafi hann slegið B utan undir til að fá hann til að skýra frá að hann hafi séð mann fara frá heimilinu.

Haft er eftir A að fjölskyldan hafi átt heima í [...] á árunum [...] til 2016. Alvarlegasta atvikið sem A hafi orðið fyrir hafi orðið 30. ágúst 2016 þegar fjölskyldan hafi verið nýflutt til Íslands. Brotapolinn hafi verið heima, grátandi og leið, en hún hafi ekki viljað flytja til Íslands. Móðir hennar hafi verið farin út. Ákærði hafi komið að A og barið hana í andlitið og svo slegið hana með þeim afleiðingum að vör sprakk. A hafi þá farið inn í herbergi sitt en ákærði komið þangað og sparkað í hana með þeim afleiðingum að hún hafi orðið rauð og aum í kringum rifbein.

Haft er eftir A að ástandið á heimilinu sé þannig að öllum í fjölskyldunni standi ógn af ákærða. Kornid sem fyllt hafi mælinn hafi verið þegar ákærði, daginn fyrir skýrslugjöfina, hafi sýnt A ógnandi framkomu sem lokið hafi með því að hann hafi hellt yfir hana úr vatnsglasi.

Í málinu liggja þrjár útprentaðar ljósmyndir og hefur lögregla skráð að þær hafi hún fengið sendar 17. febrúar 2021. Hafi A tekið myndirnar „eftir að faðir hennar sló hana þann 30. 08. 2016.“ Myndirnar sýna hvítan pappír, sem virðist vera einhvers konar þerripappír, og í honum litlir rauðir blettir. Á tveimur myndanna sjást fingur halda um pappírinn. Yfir myndunum öllum er skráð „[...] 30. ágúst 2016 20:08“.

Í málinu liggur göngudeildarnóta barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, Bugl, dags. 1. desember 2016. Þar kemur fram að A hafi komið ásamt móður sinni á bráðamóttöku barna eftir að A tekið inn lyfjaskammt til að skaða sig. Haft er eftir henni að hún treysti sér ekki heim þar sem foreldrar eigi til að slá hana. Erfitt samband sé milli móður og dóttur. Haft er eftir A að hún hafi verið ósátt við að flytja aftur til Íslands og henni líði alltaf illa. Skráð er að í „sögunótum frá fyrri komu í bráðateymi“ sé skráð að A hafi lent endurtekið í einelti í grunnskóla, í 3. bekk og aftur í 7. bekk, vandamál hafi verið í vinkvennahópnum. Á hinn bóginn er haft eftir A í göngudeildarnótunni að þarna hafi verið um að ræða „meira vinkonudrama en einelti“.

Í málinu liggur skjal sem geymir frásögn af „úthlutunarfundi“ sem fram hafi farið 24. apríl 2017 og varðar A. Bókað er: „Tilkynning frá heilsugæslu. Tilkynningarefni

heimilisofbeldi og tilfinningaleg vanræksla.“ Ákveðið er að hefja könnun samkvæmt 22. gr. barnaverndarlaga. Bókað er að málinu sé „úthlutað til [...]“.

Í málinu liggur skjal, dags. 23. maí 2017, með yfirskriftinni: „Einkaviðtal / A og E, sálfræðingur hennar“. Þar segir í upphafi að A hafi komið „í viðtal vegna tilkynningar sem sálfræðingur hennar og heimilislæknir sendu í barnavernd og snerist um vanlíðun stúlkunnar og erfiðar heimilisaðstæður hennar.“ Í skjalinu er haft eftir A að meginvandamálið sé „hegðun pabba hennar. Hann sé stöðugt að rífast, með ljótar athugasemdir og segir niðrandi hluti. Hann er reiður og þarf lítið til að hann rífast meira.“ Skjalið er ekki undirritað en bókað undir „[...]“.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 26. september 2018 og sagði að ekkert líkamlegt ofbeldi væri á heimilinu. Neitaði hann öllum ásökunum um að hafa beitt A ofbeldi.

Samkvæmt lögregluskýrslu fór lögregla kl. 08:42 hinn 26. marz 2019 að [...] eftir að tilkynnt hefði verið um heimilisofbeldi. Þar hitti lögregla fyrir A og var hún ein á heimilinu. Greindi hún lögreglu frá því að fyrr um morguninn hefði faðir hennar, X, hóttað henni ofbeldi. Farið var á lögreglustöð og þar gaf A skýrslu. Í lögregluskýrslunni er haft eftir A að hún hafi vaknað við læti milli ákærða og B bróður síns. A hafi farið fram og séð að ákærði væri að reyna að vekja B. Ákærði hafi sagt henni að fara aftur inn en hún neitaði því. Þá hafi ákærði sagt að færi hún ekki aftur inn myndi hann berja hana svo mikið að hún gæti ekki andað fyrir blóði. Þá hafi B farið að skipta sér af og þá hafi ákærði hóttað að berja hann líka. Eftir þetta hafi ákærði tekið bíllykla af B en afhent þá aftur er A hafi hóttað að hringja til lögreglu. Í framhaldinu hafi ákærði farið út og svo B. Eftir það hafi A hringt til lögreglu.

B gaf skýrslu hjá lögreglu 2. september 2020. Samkvæmt skýrslunni var honum í upphafi kynnt að A hefði borið um að ákærði hefði sagt henni að fara inn en ella myndi hann berja hana svo mikið að hún gæti ekki andað fyrir blóði, B hefði skipt sér af og þá hefði ákærði hóttað að berja hann líka. Eftir B er haft að þetta sé rétt.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 7. maí 2019 og neitaði þar að hafa haft hótanir í frammi. Allt sem A segði væri rangt. Hún væri „að reyna að búa til mál“ gagnvart ákærða.

Samkvæmt endurriti úr hjónaskilnaðarbók sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu komu ákærði og þáverandi eiginkona hans, C, fyrir ftr. sýslumanns [...] ágúst 2019. Með ákærða var nafngreindur lögmaður en einnig var A viðstödd. Bókað er að C krefjist lögskilnaðar vegna hjúskaparbrot, ákærði viðurkenni hjúskaparbrot og samþykki að leyfið verði gefið út á þeim grundvelli. Fram kemur í endurritinu að hjónaband þeirra hafi verið stofnað [...] 1995 en samvistum hafi verið slitið [...] ágúst 2019. Síðasta sameiginlega lögheimili hafi verið í [...]. Þau eigi nafngreind börn undir átján ára aldri og samkomulag sé um að forsjá þeirra verði sameiginleg. Samkomulag sé um fjárskipti og er vísað til framlagðs samnings þeirra, dags. [...] ágúst 2019. Í lokum er bókað að gefið verði út leyfi til lögskilnaðar.

C gaf skýrslu hjá lögreglu 3. september 2020. Samkvæmt skýrslunni voru einstök atriði í lýsingum A á atvikum borin undir C. Er meðal annars borið undir hana, sem haft er eftir A, að 30. ágúst 2016 hafi A verið grátandi og leið og hafi ekki viljað flytja til Íslands. Ákærði hafi komið að henni og barið í andlit og slegið með þeim afleiðingum að vör sprakk. Hún hafi farið inn í herbergi og ákærði komið þangað og sparkað í hana með þeim afleiðingum að hún hafi verið rauð og aum um rifbein. Eftir C er haft: „Hún sagði mér frá þessu atviki, ég varð hins vegar ekki vitni af því. Hún sagði mér af þessu um leið og ég kom heim.“ Í lok skýrslunnar er C spurð hvort hún vilji koma einhverju öðru á framfæri og eftir henni er haft: „Það gekk mikið á á heimilinu, það viðgekkst ofbeldi af hans hálfu í garð fjölskyldunnar. Sama hversu mikið gekk á þá fannst honum hann aldrei gera neitt rangt. Hann hefur aldrei beðist afsökunar á ofbeldinu sem hann beitti okkur. Það var ekki bara líkamlegt ofbeldi heldur einnig andlegt ofbeldi. Það er erfitt að draga fram einhver ákveðin skipti ofbeldið var það oft og í það langan tíma.“

Með bréfi 11. september 2020 felldi lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu niður það mál sem varðaði meðal annars ætlaða líkamsárás ákærða á hendur A sem fjallað er um í ákærulið I. Af hálfu A var ákvörðunin kærð til ríkissaksóknara 9. október 2020. Hinn 5. janúar 2021 felldi ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi.

Með bréfi 14. september 2020 felldi lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu niður það mál sem varðaði meðal annars ætlaða hótun ákærða í garð A, sem fjallað er um í

ákærulið II. Af hálfu A var ákvörðunin kærð til ríkissaksóknara 9. október 2020. Hinn 5. janúar 2021 felldi ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi.

C gaf skýrslu að nýju hjá lögreglu 22. janúar 2021. Í upphafi skýrslutökunnar var henni boðið að skýra sjálfstætt frá brotum ákærða gagnvart A og eftir henni er haft að hún hafi áður lýst ofbeldi af hans hendi. Mikið ofbeldi hafi verið á heimilinu og ákærði slegið A reglulega. Hún hafi verið eins árs og tíu mánaða þegar hann hafi beitt hana ofbeldi fyrst. Í skýrslunni segir: „C er beðin um að lýsa nánar ofbeldi sem átti sér stað þann 30. ágúst 2016 en eftir að fjölskyldan var nýflutt heim til Íslands aftur frá [...] lýsir A því að hún hafi verið leið yfir flutningunum. Hún hafi verið heima grátandi og faðir hennar hafi þá komið að henni, barið hana í andlitið og svo slegið hana með þeim afleiðingum að vörin á henni sprakk. Hún segist hafa farið inn í herbergi en faðir hennar komið þangað og sparkað í hana með þeim afleiðingum að hún var rauð og aum í kringum rifbeinin. Getur þú lýst áverkunum sem þú sást á dóttur þinni þegar hún sagði þér frá þessu atviki.“ Eftir C er svo haft: „Hún var með rautt mar sem sást mjög greinilega á rifbeinum, ég man ekki hvort það var hægra eða vinstra megin. Hún tók myndir af þessum áverkum. Þegar ég kom heim þá sá ég að hún var með sprungna vör. Hún sýndi mér líka áverkana við rifbeinin á sér.“ C er þá spurð á hve löngum tíma A hafi jafnað sig á áverkunum og eftir henni er haft: „Hún var aum í kringum rifbeinin í einhvern tíma, ég get ekki sagt til um hversu langan tíma.“

B gaf skýrslu að nýju hjá lögreglu 28. janúar 2021. Samkvæmt lögregluskýrslu sagði hann í upphafi að rifrildi hefði verið milli hans og ákærða, A hefði komið í rifrildið A til aðstoðar. Ákærði hafi verið búinn að taka bíllykla af A „og hún reyndi að fá þá til baka og hann var þá með hótanir í hennar garð.“ Hann var þá spurður „Hvernig brást A við þegar faðir ykkar hótaði „ef hún færi ekki inn inn myndi hann berja hana svo mikið að hún gæti ekki andað fyrir blóði“?“ Eftir B er haft: „Hún fór að gráta minnir mig. Hann fór svo í vinnuna og hún hringdi á lögreglu. Lögregla gerði hins vegar ekki neitt þegar hún kom til okkar.“

Með bréfi 31. ágúst 2021 felldi lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu að nýju niður rannsókn ætlaðs ofbeldis ákærða gagnvart A. Af hálfu A var ákvörðunin kærð til

ríkissaksóknara 30. september 2021. Hinn 29. desember 2021 felldi ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi.

F, vinkona A á [framhaldsskólaárum], gaf skýrslu hjá lögreglu 26. janúar 2022. Hún var spurð hvort hún gæti lýst því ofbeldi sem A hefði lýst fyrir henni. Í skýrslunni er haft eftir F: „Í minningunni voru ekki nákvæmar lýsingar, hún var slegin, henni var hrint, það var ýtt á hana, notuð ljót orð, mikið öskrað á hana. Þetta er það sem ég man.“

G, vinkona A á [framhaldsskólaárum], gaf skýrslu hjá lögreglu 27. janúar 2022. Hún var spurð hvort hún gæti lýst því ofbeldi sem A hefði lýst fyrir henni. Í skýrslunni er haft eftir G: „Hún sagði frá því að hann hafi barið hana og sagði að hann hefði slegið hana.“

B gaf skýrslu hjá lögreglu 1. febrúar 2022. Í skýrslunni er haft eftir honum um atvik 30. ágúst 2016: „Ég man bara að það var mikið blóð eftir á, mikið af öskri og ofbeldi. Við vorum nýflutt aftur til Íslands. Þau voru að rífast. Ég man ekki hvað þau voru að rífast um. Þetta byrjaði í anddyrinu og endaði inni í herbergi. Hún var með sprungna vör eftir þetta.“ B var beðinn um að lýsa þessu nánar og eftir honum er haft: „Eins og ég sagði þá voru þau að rífast út af einhverju. Þetta endaði með ofbeldi af hans hálfu. Hann kýldi hana í munninn og það sprakk á henni vörin. Mig minnir að hann hafi slegið hana með opnum lófa, þetta var meira en eitt högg en ég man ekki hversu mörg högg hann gaf henni.“

Í málinu liggur vottorð H lækni, dags. 8. júlí 2022. Þar segir að A hafi komið fyrst í greiningarviðtal hjá [...] Landspítalans [...] október 2017. Þar áður hafi hún verið tengd Bugl árin 2012 til 2013 og 2016 til 2017. Þá segir í vottorðinu: „Í forviðtali þann [...] 10. 2017 hafði A sagt frá því að [...] Í þessu viðtali hafði hún sagt eftirfarandi um fjölskyldu: „Segir foreldra mikið hafa rifist í æsku, faðir oft lagt hendur á móður og slegið þau systkinin. Segist alltaf hafa upplifað gleði með móður sinni, en andrúmsloftið var þungt þegar faðir kom heim. Segist þó ekki hafa verið hrædd við hann og var óhrædd við að verja móður sína. Segir sálfræðing sinn hafa rætt við barnaverndarnefnd í sumar og faðir hafi skánað við það.“

Á fyrsta degi aðalmeðferðar málsins gaf A skýrslu meðal annarra. Er aðalmeðferð var fram haldið var af hálfu ákærða lögð fram uppskrift af símtali, sem af hans hálfu var sagt hafa átt sér stað að lokinni skýrslugjöfni, milli A og móður hennar, C, sem gaf skýrslu síðar þann dag. Var atvikum lýst þannig af hálfu ákærða að A hefði á leið sinni frá skýrslugjöfni rætt við móður sína í síma á móðurmáli sínu. Hafi þá setið fyrir utan dómsalinn, núverandi eiginkona ákærða, I, sem einnig sé mælt á það mál. Hún hafi heyrt til og tekið hluta samtalsins upp á sinn síma. Krafðist ákærði þess að hún yrði leidd fyrir dóm til skýrslugjafar um þetta. Af hálfu ákæruvalds var kröfu um vitnaleiðsluna hafnað. Af hálfu brotþola beggja var tekið undir afstöðu ákæruvaldsins. Með úrskurði héraðsdóms [...] var kröfu ákærða hafnað. Með úrskurði Landsréttar í máli nr. [...] var úrskurðurinn felldur úr gildi og ákærða heimilað að leiða vitnið fyrir dóm til að gefa skýrslu sem vitni að samtalinu.

Eins og áður segir var af hálfu ákærða lögð fram uppskrift sem ákærði sagði geyma þýðingu þess sem hljóðritað hafi verið af samtali A og C. Þýðingin var gerð á vegum ákærða og fyrir dómi gerði A ýmsar athugasemdir við hana svo sem rakið verður í næsta kafla. Uppskriftin, svo sem hún var lögð fram af hálfu ákærða, er á þessa leið: „Ekki tala við hana – Þarna er hún, hún má ekki einu sinni inn í salinn – Virðist vera að túlka – ja hérna, stelpa, hún kann ekki – Hins vegar, hún er aumingi – Ég meina ekki föður minn – Þessi, Ólæs atvinnulaus í alvörunni – lítur út eins og þeir hafi sett hana úti – ertu búinn að segja? – Sagði, já ég sagði þetta – ég sagði bara munnlega – spurðu mig, mikið – Saksóknarinn spurði ekki mikið – já – Hans verjandi/lögfræðingurinn kann ekki neitt [...] – komdu, vertu ekki þarna – [...] – Nei – Hvað á hún að segja. Hún er ekki með neitt að tala og segja – Virkilega! Hún kann ekki neitt – Vopn, ómenntuð kona, er þér alvara? – sjáðu hvað vopn? – Ekki hlusta á hana/Bara hunsa hana í alvörunni – Ég verð hér, ég á ekkert að gera – Ég bíð eftir [...].“

#### Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist neita allri sök og bótakröfum í málinu. Hann hefði aldrei beitt nokkurn mann ofbeldi, hvorki börn sín né aðra. Hann hefði aldrei beitt andlegu ofbeldi og „aldrei einu sinni skammað börn mín“. Ákærði sagði að málið snerist um peninga. Heiðarlegra væri að afla sér peninga með öðru móti. Hann kvaðst vera „mjög særður“ þegar A færi með „ósatt mál gagnvart föður sínum sem hefur gert allt fyrir hana og fjölskylduna“. Hún hefði verið fyrsta barn ákærða og fengið „svo mikla athygli“,

sérstaklega frá ákærða sjálfum, og hefði það líklega orðið henni skaðlegt. Þegar þau hefðu átt heima í [...] hefði brotapolinn og systkini hennar gengið í dýrasta einkaskólann þar auk þess sem ákærði og sérkennarar hefðu hjálpað þeim.

Ákærði sagðist hafa komið fyrst til Íslands [...]. C hefði komið til landsins [...]. Árið [...] hefðu þau flutt héðan til [...] en flutt aftur til Íslands árið 2016.

Ákærði sagðist hafa unnið „mjög erfiða vinnu og undir miklu álagi“ frá morgni og stundum fram á kvöld. Hann sagðist ekki vita hvenær hann hefði „átt að hafa tíma til að beita börnin ofbeldi.“ Hann hefði gætt brotapolans A „eins og sjáaldurs augna“ sinna vegna þess að hún hefði verið „í viðkvæmu ástandi“. Í huga ákærða væri hún enn lítið barn. Ákærði sagðist ekki „kenna A og systkinum hennar um neitt“, en „einhver annar“ hefði „byrjað að heilapvo börnin“. Fyrrverandi eiginkona sín hefði „misnotað hreint hjarta“ ákærða „til að heilapvo saklausu börnin mín“ og hefði breytt börnunum í „óvin, gagnvart“ ákærða. Ljóst væri að „fjöldi fólks hefði fundað saman og ákveðið að segja eitthvað gagnvart [ákærða] þegar enginn af þeim hefði séð [ákærða] né [ákærði] þau.“

Ákærði sagði að atvik sem fjallað væri um í ákærulið II hefði aðeins tekið þrjár mínútur og svo hefði hann farið út. Hann hefði ekki sagt neitt við brotapolann A. Ákærði sagðist ekki vita hvernig hún hefði „skipulagt þessa setningu“ en þetta hefði verið „fyrirfram áætlað“. Fyrrverandi eiginkona sín, C, hefði hóttað sér „meira en þrjátíu sinnum“ að taka lögin „eins og leikfang í sínar hendur“ og hún vildi að ákærði yrði dæmdur í fangelsi. Ákærði sagði að meðal vinkvenna brotapolans A sem kæmu fyrir dóm væru stúlkur sem hefðu beitt hana einelti í skóla og vildu líklega bæta fyrir það. Ákærði sagði að þær vissu að upphaf vandamála brotapolans væri einelti sem hún hefði lent í. Ákærði sagði að fyrrverandi eiginkona sín væri hér „aðalmálið“. Hún hefði leyft „allt þetta“. Hún hefði farið milli Íslands og [...] og þar væri hægt að „falsa og breyta öllum skjölum“ og gætu sérfræðingar í leyniþjónustu [...] gert slíkt fyrir hana. Þessu atriði tengdur væri framburður barna ákærða. Ákærði sagði að C og A litu svo á að þeir, sem ekki hugsuðu alfarið eins og þær, væru óvinir.

### *Ákæruliður I*

Ákærði sagðist hvorki hafa slegið brotapolann né sparkað í hana. Hann væri alveg viss um þetta. Brotapolinn væri „dýrmætasta barnið“ hans. Spurður hvort hann myndi sérstaklega eftir umræddum degi sagði ákærði að fyrst eftir komuna til Íslands hefði ákærði verið mjög upptekinn. Þau hefðu átt í fjárhagserfiðleikum og kunningjar hans hefðu boðið honum námsbækur sem þeirra börn hefðu notað og ákærði hefði getað skipt

þeim fyrir námsbækur sem hans börn hefðu þurft. Ákærði sagðist ekki muna sérstaklega deginum, 30. ágúst 2016. Hann sagðist aldrei hafa séð áverka á börnum sínum. Hann kvaðst aldrei hafa slegið brotapolann A og aldrei hafa sparkað í hana. Spurður hvers vegna brotapolinn bæri sig þessum sökum sagði ákærði að hún hefði á árinu 2012 lent í „harkalegu einelti frá sínum vinkonum“ og þegar fjölskyldan hefði farið til [...] hefði brotapolinn verið, án vitundar ákærða, í skype-sambandi við Barna- og unglिंगageðdeildina, Bugl, og þegar þau hefðu flutt aftur til Íslands hefði brotapolinn ekki verið ánægð. Ákærði sagði að A hefði glímt við [...] „og hefði blandað öllu saman“. Ákærði sagðist hafa frétt um eineltið í tölvubréfi frá skólanum. Brotapolinn hefði sagt sér frá eineltinu og ákærði talað við skólastjóran.

Ákærði sagði samband sitt og brotapolans A hafa verið gott. Hún hefði hins vegar átt slæmt samband við móður sína, C.

Ákærði sagði, spurður um heimilislífið á umræddum tíma, að framan af hefðu þau glímt við fjárhagserfiðleika, en þau C hefðu bæði verið atvinnulaus. Ákærði hefði svo stofnað fyrirtæki og smám saman hefði staðan batnað, frá og með nóvember og desember 2016.

Ákærði var spurður um hvað hann hefði fyrir sér í því að C hefði „heilapvegið“ börn þeirra. Ákærði sagði að C hefði gengið í hjónaband með sér í þeim tilgangi að koma til Íslands og safna peningum „og finna tækifæri til að taka allt frá mér“ og misnota lög hér á landi. Ákærði sagði að C hefði notað greiðslukort hans í stórt og smátt, þar á meðal ítrekað keypt vörur handa börnunum sem hún hefði svo kynnt sem væru frá henni. Eftir að hún hefði fengið starf þar sem hún hefði fengið mun hærra laun en ákærði hefði í sínu starfi, hefði hún farið til sýslumanns og viljað skilnað. Spurður hvort börnin hefðu sagt frá því að C hefði heilapvegið þau svaraði ákærði að það hefðu þau ekki gert.

Ákærði sagði að þau C hefðu gengið í hjónaband árið [...] og en fengið skilnað í ágúst 2019. Borið var undir ákærða að í endurriti hjónaskilnaðarbókar sýslumanns sé skráð að ákærði viðurkenni hjúskaparbrot og samþykki að á þeim grunni verði lögskilnaðarleyfi gefið út. Ákærði sagði að C hefði verið „að flýta sér mjög mikið“ og hefði sagt að þau þyrftu að ljúka málinu áður en skólaárið hæfist. [...] „og til að láta hana ekki vera svo stressuð“ hefði ákærði sagt þetta við sýslumann, en í raun hefði ákærði ekki framið neitt hjúskaparbrot. Þetta hefði verið „til að einfalda málið“ þar sem C hefði ekki viljað gangast undir sáttameðferð.

Ákærði sagðist nú vera kvæntur aftur. Hann hefði gengið að eiga síðari eiginkonu sína í janúar 2020 erlendis, en hún hefði komið til Íslands í ágúst það ár. C hefði orðið „brjáluð“ við þetta og væri hún búin að hafa mjög „neikvæð áhrif“ á börnin. Hann sagði að börnin væru „saklaus“, væru það „þeirra réttindi“ að styðja móður sína og hennar framburð. Það væri „alveg eðlilegt“. Ákærði sagði að C hefði ekki leyft sér að hafa samband við börnin. Stundum hefði þó verið eitthvað samband. Fyrir hálfum mánuði hefði yngri drengurinn ætlað að heimsækja ákærða og eiginkonu hans, en hefði svo hætt við. Þegar ákærði hringdi til drengsins gæti hann ekki svarað þegar hann væri heima hjá sér, en utan heimilisins gæti hann svarað. C leyfði drengnum ekki að fara til ákærða.

Borið var undir ákærða, það sem segir í vottorði H læknis, þess efnis að A hefði í forviðtali [...] október 2017 sagt að í æsku hennar hefði mikið rifrildi verið milli foreldra hennar, ákærði oft lagt hendur á C og slegið systkinin. Andrúmsloftið hafi verið „þungt“ þegar ákærði hefði komið heim. Ákærði hafi „skánað“ eftir að sálfræðingur brotaþolans hafi rætt við barnaverndarnefnd. Ákærði neitaði þessu og bentu á að fjölskyldan hefði átt heima í fjölbylishúsi og nágrannar hefðu ekki greint frá að þeir hefðu heyrt neitt slíkt. Ákærði sagði að barnaverndaryfirvöld hefðu verið í sambandi við brotaþola og ákærða en ákærði kvaðst ekki vilja ræða um barnavernd. Ákærði sagði að A hefði talað við barnavernd en brotaþolinn hefði glímt við [...] og alltaf átt í einhverjum erfiðleikum, „hún var að stríða jafnvel við sjálfa sig.“ Ákærði sagði aðspurður að barnavernd hefði ekki rætt við sig um „ofbeldi gagnvart A“. Viðræðurnar við barnavernd hefðu verið um annað, „A var að búa til svona mörg mál“ og hann myndi ekki eftir þeim öllum. Einu sinni hefði hún verið með ásakanir í garð móður sinnar og í annað skipti í garð ákærða. Ákærði sagðist ekki hafa breytt um hegðun á heimilinu í kjölfar samskipta sinna og barnaverndar.

Borið var undir ákærða það sem haft er eftir B í lögregluskýrslu 1. febrúar 2022 að ákærði hafi slegið A í andlitið og við það hafi vör sprungið og mikið blætt. Ákærði sagði þennan framburð B rangan. Misræmi hefði verið í einstökum skýrslum af honum. Aðspurður sagðist ákærði líta svo á að brotaþolarnir hefðu komið sér saman um ranga frásögn.

Borið var undir ákærða það sem haft er eftir fyrrverandi eiginkonu hans, C, í lögregluskýrslu 22. janúar 2021, að A hefði verið með mjög greinilegt rautt mar á rifbeinum og sprungna vör 30. ágúst 2016. Ákærði sagðist telja hugsanlegt að C hefði sjálf valdið þessu, hann sjálfur hefði aldrei séð slíka áverka.

## *Ákæruliður II*

Ákærði kvaðst „alls ekki“ hafa hótað A umræddum barsmíðum. Ákærði sagðist ekki vita hvernig þau orð, sem honum væri gefið að sök að hafa mælt, yrðu nákvæmlega þýdd á [...]. Hann sagðist aldrei hafa hótað brotapolnum A líkamsmeiðingum.

Ákærði sagðist muna eftir umræddum degi. Þennan dag hefði B ekki farið í skólann. Ákærði hefði margoft fengið tölvubréf frá skólanum vegna þess að brotapolinn kæmi ekki í skólann í upphafi skóladags á þriðjudögum. Þetta hefði verið mjög þungbært fyrir ákærða sem sjálfur hefði stundað skóla í [...] og aldrei verið forfallaður. Ákærði hefði sagt B að þetta særði sig. Brotapolinn hefði ekki svarað ákærða heldur legið undir teppi í stofunni. Ákærði hefði tekið af honum teppið og sagt honum að vera ekki „latur“ heldur fara í skólann. Eftir það hefði ákærði farið út. Atburðarásin hefði í mesta lagi tekið þrjár mínútur. Engin þörf hefði verið til að kalla á lögreglu, þetta hefði verið „skipulagt áður“.

Að lokinni skýrslugjöf brotþola beggja og vitnanna C, J, F, K og G, óskaði ákærði eftir að gefa viðbótarskýrslu. Hann hafnaði því að hafa hringt til C vegna þess sem fjallað er um í ákærulið II. Hann sagði hana hafa verið í Bretlandi þá. Ákærði sagði að yngri drengurinn hefði sagt við sig að hann vildi ekki hitta ákærða af því að hann væri kvæntur aftur. Þetta hefði drengurinn ekki frá sjálfum sér heldur öðrum, að mati ákærða.

Ákærði sagði að eftir sinni vitund hefði A ekki gist hjá J, en tók fram að á árinu 2013 hefði hann verið lengi erlendis vegna vinnu.

Ákærði sagði að allt árið 2015 hefðu þau verið í [...] en komið til Íslands árið 2016.

Brotapolinn A sagði um ákærulið I að á þessum tíma hefði fjölskyldan verið nýflutt til Íslands, hefði verið hér í tvo daga eða svo. Þau hefðu flutt hingað með skömmum fyrirvara og brotþoli verið „rosalega leið“, hágrátandi og „smá læti“ í henni. Móðir hennar og yngri bróðir hefðu farið niður í geymslu að sækja eitthvað en eftir í íbúðinni hefðu verið auk brotþolans ákærði og B. Hún hefði farið fram grátandi og ákærði sagt henni að hætta að gráta en hún hefði ekki getað það. Hann hefði þá byrjað að lemja hana. Í íbúðinni væri langur gangur og herbergi hennar hefði verið við enda hans, „þannig að hann lamdi mig bara alla leið frá ganginum, með spörkum og með

höggum í höfuðið, inn í herbergið mitt, og þar sparkaði hann í rifbeinin á mér“. A sagðist hafa fengið sprungna vör og roða á rifbein eftir þetta. Hún hefði strax sagt móður sinni frá þessu, þegar hún hefði komið aftur í íbúðina, en móðir hennar hefði hvatt hana til að hringja ekki til lögreglu. A hefði viljað tala við barnavernd en móðir hennar ekki viljað það. A hefði sýnt móður sinni áverkana og hefði séð að henni liði illa. A hefði verið mjög reið eftir atvikið og hugsað með sér að nú væru þau komin til Íslands og hér væri háttsemi eins og þessi bönnuð, „þannig að ég tók mynd af pappírnum eftir að ég þurrkaði sprungnu vörina mína.“ Hún hefði hins vegar ekki tekið mynd af áverkunum sjálfum. Hún sagði að höggin hefðu ekki aðeins farið í andlitið heldur „út um allt“, ákærði hefði verið „duglegur með að dreifa höggunum“. Ákærði hefði bæði slegið með krepptum hnefa og opnum lófa. Hún hefði verið „smá bólgin“ á vör næstu daga á eftir „eins og gerist þegar maður fær sprungna vör en þetta var ekkert eitthvað rosalega dramatískt.“ Hún hefði ekki fengið glóðarauga eða mar. A sagði að sársaukinn hefði ekki verið verstur heldur niðurlæging sem hefði fylgt því að vera lamin. Þegar þau hefðu verið í [...] hefði hún lesið „í [...] að eftir að dóttir þín er byrjuð á kynþroska þá máttu ekki halda áfram að lemja hana. Þarna var ég [...], og hann var ennþá að lemja mig. Og mér leið eins og ég hefði gert eitthvað til þess að verðskulda þetta og ég var bara niðurlægð eftir þetta.“

Spurð hvort höggin hefðu verið föst sagði A að hún hefði verið [...] ára gömul, „öll högg voru rosalega föst á þessu tímabili, en þetta var ekkert eitthvað sem myndi drepa mig.“ Hún hefði fengið höfuðverk eftir þetta en tók fram að hún hefði grátið „rosalega mikið“ og hugsanlega væri höfuðverkurinn þess vegna.

A sagðist telja að B hefði ekki séð atburðarásina, hún sagðist telja að hann hefði verið „inni í herbergi. Alltaf þegar það var eitthvað svona drama í gangi frammi, þá faldi hann sig alltaf bara inni í herbergi. En hann heyrði þetta.“ Þarna hefðu verið „mikil öskur og læti og alltaf þegar voru öskur og læti þá læsti B sig bara inni í herbergi.“

A sagðist ekki hafa talað við ákærða það sem hefði verið dagsins og líklega hefði hann ekki séð áverkana.

A sagðist ekki hafa sagt öðrum frá atvikinu það sama ár, en hugsanlega árið eftir. Hún sagði að hana minnti að hún hefði ekki sýnt B áverkana og hún hefði ekki sýnt vinum sínum þá.

A sagði, spurð um heimilislífið almennt á þessum tíma, að andrúmsloftið hefði verið „mjög spennuþrungið“, öllum hefði alltaf liðið illa, sérstaklega þegar þau hefðu verið nýflutt aftur til Íslands, þá „voru allir ótrúlega þunglyndir og eftir þetta atvik þá

leið öllum eins og það mætti enginn vera sorgmæddur, að það mætti enginn vera leiður yfir því að hafa flutt til Íslands aftur í skyndi“. Alla tíð hefði ástandið verið þannig að þegar ákærði hefði komið heim hefði andrúmsloftið orðið þyngra, vegna hegðunar hans. Samband hennar við móður hennar hefði um tíma ekki verið gott, en A hefði mjög kennt henni „um ofbeldið sem ég var að verða fyrir og bræður mínir líka, og ég skildi bara ekki hvers vegna hún var ekki að fara frá honum“. Í heildina væri samband hennar og móður hennar hins vegar „mjög fínt“. A hefði um tíma verið „erfið“ eins og „allar unglingsstelpur“ væru.

A sagði að enginn annar en ákærði hefði beitt hana ofbeldi á heimilinu. Vanlíðan hennar hefði ekki verið afleiðing eineltis. Hún hefði orðið fyrir slíku árið 2012 en það hefði ekki haft langvarandi áhrif.

A sagðist hafa verið í meðferð á Barna- og unglingsgeðdeild, Bugl, árið 2013 og farið í göngudeildarviðtal eftir atvikið árið 2016. Hún hefði lifað í mikilli hræðslu við ákærða á þessu tímabili. Henni hefði liðið illa fyrir, af því að þau hefðu flutt aftur til Íslands, en „eftir að hafa lent í þessu atviki þá leið mér eins og mér mætti ekki líða illa þannig að það ýtti náttúrulega bara undir vanlíðan.“

A kvaðst hafa farið í greiningarviðtal [...] Landspítalans árið 2017. Borið var undir hana sem greinir í vottorði H læknis að A hafi greint frá að í æsku brotápolan hafi verið mikið rífrildi milli foreldra hennar og ákærði lagt hendur á móður hennar og systkinin, andrúmsloft hafi verið þungt og ákærði skapstór. Hún staðfesti að hafa greint frá með þessum hætti. Hún sagðist telja að [...] sinn hefði sprottið upp vegna ákærða, „þetta var svona eina leiðin fyrir mig til þess að fá góða athygli frá honum og líka fara í taugarnar á honum og þannig náði ég einhvern veginn að stjórna honum. Hann lamdi mig mjög lítið þegar [...], þá hafði ég mikla stjórn á honum. Svo náttúrulega þróaðist það bara út í einhverjar öfgar [...].“

### *Ákæruliður II*

A sagðist muna eftir atvikinu sem fjallað væri um í ákæruliði II. Hún hefði verið heima og ætlað að fara „í tíma“. B hafði einnig verið heima, en hann hefði á þessum tíma verið í [framhaldsskóla]. Ákærði hefði reynt að vekja B og hefði gert það „með mjög miklum látum“ og byrjað svo „að öskra á hann“. Hún hefði vitað að þegar ákærði öskraði án árangurs gripi hann „alltaf til annarra aðferða“, og hefði því farið inn og „blandað mér í málið“, B til hjálpar. Hún hefði verið „að reyna að koma í veg fyrir að [ákærði] myndi gera honum eitthvað, út af því að hann neitaði að vakna“. Ákærði hefði þá hótað „að

berja okkur svo mikið að við myndum kafna í eigin blóði, og í kjölfar þess þá stóð B upp og fór í fötin og síðan endaði [ákærði] á því að taka bíllyklana af B þannig að hann kæmist ekki í skólann“. A sagði að „í svona tíu sekúndur þá tók ég þessari hótun mjög alvarlega“ en síðan hefði hún hugsað að hún þekkti réttindi sín og hefði ákveðið að hringja til lögreglu um leið og ákærði væri farinn til vinnu. Lögreglan hefði svo komið heim til þeirra og farið með brotþola á lögreglustöð og hún hefði gefið skýrslu þar.

A sagði að hótuninni hefði verið beint að þeim systkinum báðum, henni og B. Hún sagðist ekki muna hvort ákærði hefði sagt þetta einu sinni eða oftar. Spurð hvort hún hefði verið hrædd um að ákærði stæði við hótunina sagði hún að hann myndi kannski ekki láta þau kafna í eigin blóði en honum væri alveg trúandi til að „berja okkur mjög mikið þangað til það blæddi úr okkur.“ B hefði orðið „svólítið lítill í sér“.

Borið var undir A það sem haft er eftir brotþola í frumskýrslu lögreglu, þess efnis að ákærði hafi „hótað að berja hana þannig að hún gæti ekki andað fyrir blóði“. Hún sagði að „hótunin beindist að okkur báðum en hann var að tala við mig.“ Ákærði hefði „hótað B meira í kjölfarið, en reiðin snerist að honum.“ Þau hefðu bæði orðið „mjög hrædd.“ B hefði verið farinn í skólann þegar lögregla hefði komið á heimilið. Borið var undir A hvort ákæruliðurinn væri réttur, þannig að ákærði hefði hótað henni barsmíðum svo hún gæti ekki talað fyrir blóði og í framhaldinu hótað A barsmíðum. Brotþoli sagði þetta rétt.

Borið var undir brotþola það sem segir í skýrslu rannsóknarlögregluþjóns, þar sem í samantekt er haft eftir brotþola að ákærði hafi sagt að ef hún færi ekki inn myndi hann berja hana svo mikið að hún gæti ekki andað fyrir blóði, B hafi þá skipt sér af og ákærði þá hótað að berja hann einnig. Brotþoli sagðist hafa sagt þetta við lögreglu og þessi lýsing væri rétt.

Brotþoli sagði að ákærði hefði sett hótanirnar fram á [...]. Heima fyrir hefðu öll samskipti verið á [...].

Eins og rakið hefur verið gaf núverandi eiginkona ákærða, I, skýrslu í málinu. Í framhaldi af þeirri skýrslugjöf gaf brotþolin skýrslu að nýju. Samhengis vegna verður sú skýrsla brotþolans rakin í framhaldi af því sem fjallað er um skýrslugjöf I.

Brotþolin B sagðist ekki muna mikið eftir því atviki sem fjallað er um í ákærulið I. Hann hefði verið „inni í herbergi allan tímann“. Hann sagðist muna eftir „látum frammi“, nánar spurður um lætin sagði hann að verið hefðu „öskur og reiði“. Þar

hefðu átt í hlut ákærði og A og hefðu bæði öskrað. B sagðist ekki muna hvað hefði verið sagt, „þetta var smá rifrildi“. Fjölskyldan hefði verið nýflutt frá [...] til Íslands og A hefði ekki verið sátt við það og hefði látið það í ljós „og þaðan kom þetta“.

B sagðist hafa heyrt hljóð eins og högg hefðu komið á mann. Slíkum hljóðum hefði fylgt aukinn grátur. Hann hefði verið inni í herbergi sínu allan tímann meðan á atburðarásinni hefði staðið. Þegar hann hefði svo farið fram, einhverjum klukkustundum síðar, hefði hann séð A grátandi í hennar herbergi. B sagðist ekki muna hvar ákærði hefði þá verið.

B sagðist telja að móðir sín hefði ekki verið heima umrætt sinn. Hann sagðist ekki muna hvar bróðir hans hefði verið, líklega hefði hann verið einhvers staðar með móður þeirra. Þau hefðu komið til baka „seinna um kvöldið“.

B sagði að líklega daginn eftir hefði hann rætt málið við móður sína. Hún hefði sagt að A hefði sagt sér af þessu. Móðir hans hefði ekki í þessu samtali, en síðar, líklega mánuðum eða árum síðar, sagt brotapolanum að hún hefði séð mar á rifbeinum og sprungna vör á A. Þetta hefði hún sagt þegar þau hefðu verið að „rifja upp gamlar minningar, gömlu góðu dagana.“

B sagði að einhverjum mánuðum eftir atvikið hefði A sagt honum að „hún hefði bara verið lamið þetta kvöld fyrir að gefa sína skoðun“ og að hún hefði fengið mar á rifbein „og sprungna vör og eitthvað“.

B sagðist enga áverka hafa séð á A. Hann sagðist ekki hafa séð pappír með blóði eftir atvikið.

B sagði að ákærði hefði ekki rætt þetta atvik við sig. Heimilislífið hefði á þessum tíma verið „mjög ömurlegt myndi ég segja, allir lifðu í constant ótta við að eitthvað myndi gerast, af því að það var svo stuttur þráður á heimilinu.“ Óttinn hefði verið við ákærða. Hann hefði orðið reiður yfir stóru og smáu og því hefði getað fylgt ofbeldi. Komið hefði fyrir „af og til að hann myndi missa sig alveg og slá okkur“. Hugsanlega hefði slíkt komið fyrir mánaðarlega. Móðir B og systkini hefðu öll sagt honum að þau hefðu einnig lifað í ótta. Öll hefðu orðið fyrir þessu, bróðir hans þó minnst, A líklega mest.

Borið var undir B það sem eftir honum er haft í lögregluskýrslu að hinn 30. águst 2016 hafi verið „mikið af öskri og ofbeldi“ og A verið með sprungna vör eftir á, ákærði og A hefðu verið að rífast og atburðarásin hefði byrjað í anddyrinu og endað inni í herbergi. B staðfesti að hann hefði greint lögreglu frá með þessum hætti og þetta væri rétt frásögn. Sérstaklega spurður hvort hann myndi eftir að hafa séð blóð svaraði hann:

„Bara vörina en ekki á pappír“. Hann sagðist muna eftir að hafa séð blóð á vör A. Hann ítrekaði að hann hefði ekki komið úr herbergi sínu fyrr en einhverjum klukkutímum eftir atburðarásina en sagði að hann hefði þá séð sprungna vör. Blóðið sem hann hefði séð hefði verið á vörinni. Spurður um þau orð sín að upphafið hefði verið í anddyrinu og lokin inni í herbergi svaraði hann: „Ég heyrði það þannig.“ Í íbúðinni væru „þunnir veggir og maður heyrir alveg allt sem gerist á öllu heimilinu, frá öllum stöðum.“ Herbergi hans hefði verið milli herbergis foreldra hans og herbergis A. Anddyrið hefði verði „beint fyrir utan herbergi foreldra“ hans. Hann hefði þannig heyrt atburðarásina færast frá anddyrinu, framhjá herbergi hans og inn í herbergi A.

Borið var undir B það sem eftir honum er haft í sömu lögregluskýrslu, þess efnis að ákærði hafi kýlt A og vör hennar sprungið, ákærði hafi slegið með opnum lófa, fleiri högg en eitt. B sagði að hann hefði ekki séð þetta, þarna hefði hann lýst því sem móðir hans og A hefðu sagt honum. Hann hefði hins vegar heyrt „eitthvað af þessu“. Af því sem hann hefði heyrt, og því sem algengt hefði verið, hefði hann dregið þá ályktun að ákærði væri að slá A. „Ég sá sprungnu vörina og ég heyrði læti frammi og högg vera slegin, og svo heyrði ég allt samhengið seinna.“

### *Ákæruliður II*

B kvaðst hafa verið sofandi „orðinn smá seinn í skólann“ þegar ákærði hefði komið til að vekja hann. Þetta hefði verið um tíuleytið, að því er hann minnti. Hann, ákærði og A hefðu verið heima en móðir hans og bróðir ekki. Hann hefði ekki vaknað „alveg almennilega, svo hann rífur mig upp úr sóffanum“ og þeir hefðu í framhaldinu farið að rífast. A hefði komið fram, „að reyna að vernda mig“, og þá líka lent í rifrildi við ákærða. „Svo endar þetta bara á að hann tekur bíllyklana af mér, sem ég þarf til að fara í skólann.“ Eftir þetta „tekur rifrildið þeirra við og það endar í hótunum og gráti og svo hringir A í lögregluna.“ Ákærði hefði sagt við A að hann myndi lemja hana svo mikið að hún myndi kafna í blóði, „eða eitthvað þannig“. Ákærði hefði ekki sagt þetta við B sjálfan. Ákærði hefði sagt við hann að ef hann vaknaði ekki myndi ákærði lemja hann. B sagði að ákærði hefði fyrst hótað honum, svo A. B sagði að sér hefði liðið „frekar ömurlega“ á meðan á þessu hefði staðið, hann hefði verið nývaknaður og þetta verið „stórt shock til að vakna við“. Hann sagðist ekki hafa orðið hræddur, „maður var orðinn smá eldri þá“ og vanur slíku. Spurður hvort hann hefði tekið hótanirnar alvarlega svaraði brotþoli: „Maður veit aldrei með hann, svo já.“ B sagði að eftir að ákærði hefði farið

hefði A verið grátandi. Hann sagðist enn hafa verið heima þegar A hefði hringt til lögreglu en farinn í skóla þegar lögreglu hefði borið að garði.

B sagðist ekki í neinu sambandi við ákærða í dag. Hann kvaðst ekkert vilja hafa saman við ákærða að sælda. Hann hefði síðast hitt hann fyrir tveimur árum fyrir tilviljun. Aðspurður sagði B að það, að ákærði væri kvæntur aftur, hefði „eiginlega ekki“ áhrif á að hann vildi ekki hitta ákærða, brotapolann langaði einfaldlega ekki til að eiga samskipti við ákærða. Sér væri „alveg sama“ um að ákærði væri kvæntur aftur. Brotapolinn sagðist telja víst að öðrum í fjölskyldunni væri einnig sama um það.

Vitnið C, fyrrverandi eiginkona ákærða, sagði, spurt um ákærulið I, að það hefði ekki verið á staðnum. Þegar vitnið hefði komið heim, líklega stuttu eftir atburðarásina, hefði A verið grátandi og með skurð á vör. Hún hefði verið með bréf með blóði í og hefði sagt ákærða hafa lamið sig, „bara alveg frá hurðinni þegar hún kom inn og búinn að sparka í hana“. A hefði sýnt vitninu mar á rifbeinum. A hefði viljað kæra ákærða en vitnið hefði róað hana og fengið hana til að kæra ekki. Vitnið hefði ekki viljað að fjölskyldan sundraðist.

Vitnið sagði að þegar það hefði komið heim hefði ákærði verið farinn út. Vitnið hefði verið reitt og talað svo við ákærða sem hefði sagt að hann hefði gert þetta þar sem A hefði verið grátandi og öskrandi og viljað fara aftur til [...]. Hún hefði verið að „gera okkur brjáláða“. Ákærði hefði viðurkennt fyrir vitninu að hann hefði lamið A.

Vitnið sagðist ekki muna hvort það hefði rætt áverka á A við B þennan dag. Vitnið og börnin hefðu hins vegar síðar rætt um ástandið sem verið hefði á heimilinu.

Vitnið sagði að á þessum tíma hefði fjölskyldan verið nýkomin til Íslands, komið líklega deginum áður.

Vitnið sagði að á þessum tíma hefði heimilislífið verið „mjög slæmt“. Ákærði hefði alltaf beitt ofbeldi og andlegu ofbeldi. Börnin hefðu vegna þessa verið „mjög óróleg“ og þegar hann hefði verið fjarri hefði verið „meiri ró“ á heimilinu. Mikil spenna hefði verið því enginn hefði vitað hvað gerðist næst. Vitnið sagði að mesta ofbeldinu hefði verið beint að A. Vitnið og börnin hefðu verið hrædd við ákærða. A hefði glímt við [...] og hún versnað þegar ofbeldið hefði verið meira. Ástandið hefði verið sértaklega slæmt eftir að þau hefðu flutt til Íslands 2016. A hefði hvatt vitnið til að skilja við ákærða.

Vitnið sagði að í dag væri nær ekkert samband milli ákærða og barnanna. Ákærði væri nýbyrjaður að hafa samband við yngri drenginn en fram að því hefði hann ekki hitt hann í tvö ár. Ekkert samband væri milli brotapolanna og ákærða.

### *Ákæruliður II*

Vitnið sagðist ekki hafa verið heima á umræddum tíma. Ákærði hefði hringt í vitnið og sagt að brotapolar hefðu verið dónaleg við hann. A hefði eftir það hringt í vitnið og svo hefði vitnið talað við B þegar vitnið hefði komið heim. Brotapolar hefðu bæði sagt að ákærði hefði hótad að drekkja þeim í blóði. Eftir samtöl við brotapolu hefði vitnið rætt þetta aftur við ákærða. Hann hefði sagt að B hefði ekki viljað fara í skólann en ákærði hefði hvatt hann til að fara. Þetta hefði verið „róleg saga“ hjá ákærða.

Vitnið var spurt hvort það væri ósátt við að ákærði væri genginn í hjónaband að nýju. Vitnið sagði svo ekki vera. Vitnið hefði viljað skilja við ákærða, hann hefði ekki viljað þann skilnað. Hann væri nú „frjáls að gera hvað sem er“.

Vitnið sagðist ekki hafa reynt að hafa áhrif á framburð brotapola fyrir yfirvöldum.

Vitnið J sagði þær A hafa verið mjög nánar vinkonur. Kynni þeirra næðu aftur að átta ára aldri þeirra. A hefði sagt vitninu frá heimilisaðstæðum sínum sem hefðu ekki verið góðar. A hefði sagt að ákærði hefði beitt hana ofbeldi á heimilinu og að henni liði mjög illa vegna þess. Vitnið hefði séð á A að henni liði illa. Þær hefðu oft rætt þetta. A hefði sagt að hún hefði verið „slegin eða tekið fast í hana“, með áverka. Þetta hefði komið fyrir að minnsta kosti nokkurum sinnum.

Vitnið sagðist ekki muna hvenær A hefði farið að segja sér frá þessu. „Það var meira svona ýjað að því, þegar við vorum yngri“ en hún hefði farið „að segja mér meira í smáatriðum eftir að við eltumst.“ Nánar spurt sagði vitnið að þegar þær hefðu verið í 8. til 10. bekk hefði A „ýjað að“ þessu, en sagt frá í meiri smáatriðum eftir að þær hefðu verið komnar í [framhaldsskóla]og A hefði verið komin aftur til Íslands, hugsanlega árin 2016 til 2017 ef vitnið myndi rétt. Oftast hefðu þær verið tvær að ræða þetta. Vitnið sagðist hafa trúað frásögn hennar að öllu leyti.

Vitnið sagði að A hefði einnig sagt að móðir hennar og bræður hefðu orðið fyrir ofbeldi.

Vitnið var spurt hvort A hefði talað um að hún hefði orðið fyrir hótunum á heimilinu og sagðist vera „nokkuð viss“ um að það hefði hún gert.

Vitnið sagðist hafa verið „eitthvað“ á heimili A en þær hefðu oftari verið heima hjá vitninu. Vitnið hefði ekki orðið vart við neitt óeðlilegt á heimili A en tók fram að „það voru bara ekki alltaf allir heima“.

Vitnið sagði að A hefði glímt við [...] og þunglyndi. A hefði talað um að ástandið á heimilinu ætti þátt í þeim vandamálum.

Vitnið sagðist hafa sagt satt og rétt frá í lögregluskýrslu.

Vitnið F sagði þær A hafa verið góðar vinkonur í [framhaldsskóla] og hefðu þekkt hvor til annarrar á grunnskólaárum og leikið saman [...]. Vitnið sagðist ekki muna til þess að A hefði berum orðum sagt frá heimilisaðstæðum sínum en „það var alltaf ákveðin staðreynd í vinalópnum að heimilisaðstæðurnar voru ekki góðar“ og vísaði til þess að „hún var mikið að sækjast í að vera hjá okkur stelpunum frekar en að við værum að fara til hennar.“ A hefði mjög leitað í að gista hjá vitninu og móður vitnisins „og allt sem benti til ekkert rosalegra góðra heimilisaðstæðna.“

Vitnið var spurt hvort A hefði rætt um ástand á heimilinu og svaraði að það myndi „ekki eftir einhverjum ákveðnum samræðum um það“ en sagðist ráma „í það að hún hafi verið að tala um frekar óvenjulega mikil öskur eða svona rifrildi á heimilinu“. Í vinkvennahópi vitnisins hefði verið rætt um aðstæðurnar, en vitnið sagðist ekki muna sérstaklega eftir því. Í vinalópnum hefði einfaldlega verið staðreynd „að svona er þetta“. Vitnið var spurt hvort rætt hefði verið að ofbeldi væri beitt á heimilinu og svaraði að það myndi eftir „óttu um það, en ekki beinar lýsingar af því í rauninni.“ A hefði, að því er vitnið minnti, sjálf talað um að hún óttaðist að verða fyrir ofbeldi á heimilinu.

Spurt hvenær A hefði talað um þessi atriði sagði vitnið að þær hefðu orðið mjög nánar vinkonur „í kringum 2017“ og þetta hefði verið um það leyti, en vitnið tók fram að það myndi ártöl og slíkt ekki nákvæmlega. [Framhaldsskólaárin] rynnu nokkuð saman. „Þetta var einhvern veginn bara vitað, kringum 2017, innan við árið sem við verðum góðar vinkonur þá verður þetta vitað“.

Vitnið sagðist telja að stór hluti „af hennar andlegu vandamálum, þegar hún var yngri [væri] út af heimilisaðstæðum. Og ég man mjög vel eftir því, og þetta er ein af mínum sterkustu minningum af okkar vináttu, er það að við erum að skutla henni upp á [...] , ég og G, og við skiptumst nokkurum sinnum á að skutla henni upp á [...] til þess að fá aðstoð [...] vegna þess að það var bara ekki samþykkt af fjölskyldunni hennar að

hún væri með vandamál“. Vitnið sagði að A hefði sagt að fjölskyldan vildi ekki styðja hana í þessu eða aka henni á [...].

Vitnið var spurt hvaða vinkonur hefðu þekkt til þessara mála og nefndi sérstaklega G. J hefði hins vegar ekki verið í þessum vinkvennahópi.

Vitnið sagðist hafa komið að minnsta kosti tvisvar á heimili A og þar af verið einu sinni þar í mat. Vitnið hefði að minnsta kosti hitt ákærða einu sinni þar.

Vitnið sagðist ekki muna eftir að hafa séð áverka á A en sagðist ráma í „umræðu um mynd á snapchat“ um að hún hefði verið með blóðnasir eða eitthvað í þá veru, en kvaðst ekki muna þetta vel.“

Borið var undir vitnið það sem segir í lögregluskýrslu þar sem vitnið er spurt hvort það geti lýst því ofbeldi sem A hafi lýst, og eftir vitninu er haft að í minningunni hefðu þetta ekki verið nákvæmar lýsingar en A hefði verið slegin, henni hrint, ýtt á hana, notuð ljót orð og öskrað á hana. Vitnið kvaðst hafa sagt þetta við lögreglu. Vitnið var spurt hvort A hefði sagt þetta við vitnið eða hvort vinkonur vitnisins hefðu haft þetta eftir A. Vitnið svaraði að það myndi það ekki nákvæmlega en sagðist vera „nokkuð viss um að það hafi verið eitthvað sem hún hafi sagt við mig“, en vitnið tók fram að mjög langt væri um liðið. Vitnið sagði að það hefði talið A vera mjög trúverðuga í frásögn sinni.

Vitnið K sagði þær A vera æskuvinkonur og hafa verið nánar vinkonur síðan í þriðja bekk grunnskóla. Í fjórða eða fimmta bekk hefði A farið að segja „svona aðeins frá heimilislífínu“ og nánustu vinkonur hennar hefðu þannig fengið „svona smá hugmynd um hvernig þetta væri“. A hefði oft komið grátandi í skólann og hefði sagt að mikil vandamál væru hjá foreldrum sínum og hefði talað um hótanir ákærða „og andlegt ofbeldi sem byrjaði snemma“. Hún hefði ekki talað um líkamlegt ofbeldi fyrr en þær hefðu verið orðnar 17 ára gamlar en þá hefði hún sagt að ákærði hefði beitt hana líkamlegu ofbeldi. Hún hefði sagt að ákærði hefði slegið hana og hefði hún oft verið grátandi þegar hún hefði sagt frá þessu.

Vitnið sagðist ekki muna eftir áverkum á A en bætti við „örugglega þegar við vorum eldri, en hún bara faldi það“. Hún hefði einu sinni sýnt vitninu mynd sem sýndi blóð á pappír. Ekki hefði verið sár á myndinni. Vitnið sagðist ekki muna nákvæmlega hvenær þetta hefði verið en líklega 2017. Þær hefðu verið komnar í [framhaldsskóla]. Hún hefði, að því er vitnið minnti, gefið þá skýringu að ákærði hefði verið „brjáláður út í hana“.

Vitnið sagðist hafa sagt satt og rétt frá í lögregluskýrslu.

Vitnið G sagði þær A hafa orðið mjög góðar vinkonur á [framhaldsskólaárum] og hefðu verið „mjög mikið saman“ þá. Þær væru ekki eins nánar í dag.

Vitnið var spurt hvort A hefði sagt eitthvað um heimilisaðstæður sínar og svaraði að það myndi „mjög lítið eftir hreinum og beinum samræðum“ en sagði að „þetta kom alltaf einhvern veginn smátt og smátt og það var einhvern veginn bara svolítið svona vitað að heimilisaðstæður væru mjög slæmar.“ Vitnið hefði talið sig skynja að A „þurfti bara að fá háar einkunnir í öllu, annars væri bara heimurinn að falla og hún bara var ekki að sofa í prófunum, hún var ekki að borða og hún vildi bara eiginlega ekki vera heima hjá sér“. Vissulega hefði brotapolí sjálf haft „metnað sjálf, en hún sagði alveg að þetta kæmi frá fjölskyldunni hennar.“

Vitnið var spurt hvort einhver hefði verið vondur við A á heimilinu og svaraði að „maður fékk fyrst ekkert svona beint hvað væri að, almennilega, en svo sagði hún alveg frá seinna meir að [ákærði] væri ekki góður við hana.“ Vitnið sagðist ekki muna eftir þeim samræðum „en ég man að þær komu“. Vitnið sagðist muna eftir „litlum minningum en ég man ekki eftir að við settumst niður og hvað hún sagði endilega.“ Spurt hvort A hefði talað um líkamlegt ofbeldi sagði vitnið að hún hefði sýnt vitninu „mynd af pappír með blóði eftir að hún hafði fengið sprungna vör eftir [ákærða]“. Þetta hefði líklega verið „þegar við svona vorum upp á það nánasta, sem var kannski svona öðru ári í [framhaldsskóla]“.

Vitnið sagði að brotapolí hefði sagt að hún væri hrædd við að fara heim ef „hún hefði verið búin að drekka“, því ákærði yrði „brjáláður“. Vitnið sagðist hafa skynjað að brotapolí glímdi við mikla vanlíðan vegna heimilisaðstæðna sinna. Hún hefði leitað til [...] vegna [...]. Hún hefði sagt að foreldrar hennar hefðu ekki viljað að hún leitaði þangað, því það liti illa út fyrir fjölskylduna. Vitnið og F hefðu tekið „upp á því að fara með hana þangað, bara í skólanum, þá skiptumst við á að skutla henni“.

Borið var undir vitnið það sem eftir því er haft í skýrslu, þess efnis að A hafi sagt að ákærði hafi slegið hana. Vitnið sagðist ekki muna eftir að hafa sagt þetta, en langt væri um liðið. Hún hlyti að hafa sagt satt og rétt frá í skýrslutökunni.

Vitnið H læknir staðfesti vottorð sitt, dags. 8. júlí 2022. Það sem skráð væri í vottorðið væri tekið úr skrá Landspítalans. Forviðtal sem A hefði farið í, í október 2017, hefði verið við L.

Vitnið E sálfræðingur sagði að A hefði verið í meðferð hjá sér frá janúar til desember 2017. Hún hefði mætt í fjórtán viðtöl til vitnisins auk nokkurra símtala og funda, en henni hefði verið vísað til vitnisins frá bráðateymi Bugl, Barna- og unglingsdeildar, með ósk um sálfræðimeðferð. A hefði áður legið inni í þrjár vikur á Bugl, eftir því sem vitnið minnti, þar sem hún hefði í annað sinn tekið inn of stóran lyfjaskammt. Á Bugl hefði hún verið greind með þunglyndi, geðlægdarröskun, eftir því sem vitnið minnti. Fljótlega hefði komið í ljós að hún glímdi við mjög djúpstæða vanlíðan. Þegar hún hefði verið farin að treysta vitninu hefði hún greint frá „mikilli vanlíðan heima“ og frá því „að hafa lent í einelti í grunnskóla“ og hafa þurft að skipta um skóla. Einkum hefði hún talað um „mikla vanlíðan tengda [ákærða]“ og hefði upplifað reglur sem ekki væru í samræmi við það sem giltu á heimili vina hennar og hefði það valdið árekstrum. Ákærði hefði að sögn A talað um að „ef þetta heldur svona áfram þá endar þú sem kona á götunni, sem vændiskona“ og fleira. Hann hefði gagnrýnt mataræði hennar og holdafar. Hún hefði greint frá „miklum rifrildum foreldra sem hún reynir að ganga á milli“ Hún hefði greint frá því að ákærði hafi beitt móður hennar ofbeldi á heimilinu að börnunum áheyrandi og að móðir hennar vilji skilnað en ákærði ekki. Vitninu hefði verið ljóst að líðan A sveiflaðist eftir ástandinu á heimilinu hverju sinni. Vitnið hefði þurft að meta hvort lýst væri svo slæmum heimilisaðstæðum að vitninu bæri að tilkynna það til barnaverndar og hefði vitnið rætt það fram og til baka við A. Framan af hefði A ekki viljað að haft yrði samband við barnavernd og hefði ekki viljað „sprengja fjölskylduna upp“. Að lokum hefði hún verið „komin á þann stað, í það mikilli vanlíðan að hún í raun og veru bíður vongóð eftir aðstoð barnaverndar“. Vitnið hefði í framhaldinu fylgt brotapolu til barnaverndar.

Vitnið sagði að A hefði um tíma flutt til vinkonu sinnar en áður farið heim og náð í dóttur sítt. A hefði sagt vitninu að þar hefði hún lent í útistöðum við ákærða sem hefði hóttað að drepa hana. Vitnið hefði upplýst barnavernd um þetta. Jafnframt hefði vitnið upplýst móður A um þá möguleika sem væru í stöðunni, þar á meðal þann möguleika að leita til kvennaathvarfsins.

Vitnið var spurt hvort A hefði talað um að hún hefði sætt ofbeldi á heimilinu. Vitnið sagði að hún hefði aðallega talað um „andlegt ofbeldi, hún greindi frá því að [ákærði] skammaði, gerði lítið úr, kallaði hana nöfnum, setti [henni] ósanngjörn mörk, já ætlaðist til hluta af henni sem hún upplifði að væri ekki gert gagnvart bræðrum sínum.“ Sérstaklega spurt hvort A hefði talað um líkamlegt ofbeldi svaraði vitnið: „Ekki greinanlega, en það er eitt atvik þar sem mig minnir að hún hafi, já rætt það að [ákærði] hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi, þegar hún var yngri, en ég man ekki nákvæmlega í hverju það fólst.“ Nánar spurt sagði vitnið: „Það er mjög óljóst, hún talaði um það, við höfum örugglega ekki, það var í rauninni þegar hún var að koma í viðtöl til mín, að það var svona, hún var í miklu uppnámi, ekki almennt heldur meira í takti við það sem var í gangi heima, og þá kom hún með svona hluti, þá sagði hún mér frá, greindi frá, og ég náði ekki að fara inn í allt sem hún var að segja frá, við vorum meira að, það sem ég var líka svolítið að hjálpa henni með var að búa til eigin stöðugleika, styrkja hana í þessu munstri, þannig að það er alveg óljóst hvað nákvæmlega gerðist, í mínum huga. Hún talaði um í eitt skipti og það getur vel verið að hún hafi greint frá því en ég ekki náð því og ég ekki skráð það og ég ekki munað það. Ég útiloka það ekki, það er frekar mín tilfinning að ég hafi frekar misst af því heldur en hitt því það var svo margt í gangi og erfitt heima.“

Vitnið sagði að A hefði sagt að ákærði hefði aldrei verið góður við hana.

Vitnið sagðist ekki hafa átt samskipti við ákærða. Vitnið hefði boðið A það, en hún ekki viljað það.

Vitnið sagði að A hefði haft áhyggjur af bræðrum sínum. Vitnið var spurt hvort komið hefði fram að þeir hefðu orðið fyrir því sama og hún og svaraði: „Sko, ekki á sama hátt, allavega ekki á sama hátt, hún upplifði það ekki, það sem hún var meira, ef ég hef skilið hana rétt, þá fann hún til meiri vanlíðunar um það hvað þeir horfa upp á heima, og það er mjög skaðlegt fyrir börn að horfa upp á rifrildi og ofbeldi.“

Vitnið I, eiginkona ákærða, kvaðst hafa setið í dómhúsinu, fyrir utan dómsalinn, þegar A hefði komið og talað við móður sína í síma. A hefði talað [...] en vitnið skildi það mál. A hefði hlegið í símann og sagt við móður sína að enginn nema ákærði hefði viljað kvænast vitninu. Vitnið væri ómenntað og að ekki yrði hlustað á fólk sem hvorki kynni að lesa né skrifa. A hefði hlegið. A hefði sagt við móður sína að vitnið hefði ekki mátt giftast ákærða.

Vitnið sagðist hafa orðið reiðara eftir því sem það hefði heyrt meira. Vitnið hefði tekið upp síma sinn og hljóðritað það sem eftir hefði verið að samtalinu.

Vitnið var spurt hvort A hefði sagt eitthvað um eigin skýrslugjöf í málinu. Vitnið svaraði að A hefði sagt í símtalinu að í dómsalnum hefði dómari stöðvað ákærða í að tala og að verjandi ákærða væri ekki fær [...].

Vitnið sagði að A hefði sagt að ákærði væri brosandí í dómsalnum. Ekki ætti að horfa til hans. Allt gengi mjög vel. Málið myndi vinnast. A myndi fá vitnið til að skilja við ákærða.

Vitnið sagðist telja að A hefði viljað að vitnið heyrði til sín, til þess að skaprauna vitninu.

Vitnið sagði að A væri „góð í að búa til vandamál“.

Vitnið sagði upphaf kynna þeirra ákærða hafa verið í september 2019 en þau hefðu verið í sambandi frá október 2019. Vitnið sagði aðspurt að ákærði hefði ekki talað um að ofbeldi hefði verið í fjölskyldu hans.

Vitnið sagðist ekki vera í sambandi við börn ákærða en sagðist vona að það breyttist. Börnin svari ekki ákærða þegar hann hringi og þau séu ekki sátta við samband ákærða og vitnisins.

Brotapolinn A gaf skýrslu að nýju eftir skýrslugjöf vitnisins I. A sagði að dagurinn þegar hún hefði gefið skýrslu við aðalmeðferð hefði verið „frekar stór dagur“ og „mörg að koma“. Auk hennar hefðu bróðir hennar, móðir hennar og fjórar vinkonur gefið skýrslu „og þegar ég var búin að gefa skýrslu og þá hringdi ég bara í mömmu mína og lét hana vita hvernig þetta fór“. Hún sagði að enginn ágreiningur væri um að hún hefði átt það símtal en „ekkert saknæmt“ hefði farið þar fram. A sagði að þær mæðgur hefðu aldrei hitt „nýju konuna hans pabba“, A hefði aldrei talað við hana, „og ég sagði bara við mömmu ‚hún er hérna, hún bíður fyrir utan‘ og svo sagði ég líka að ég vorkenndi henni út af því að hún þarf að bíða fyrir utan í allan dag og hún væri bara í fylgd með föður mínum allan tímann, þannig að það var svona megininntak símtalsins sem sneri að henni.“

A var spurð hvort hún hefði sagt eitthvað ljótt um I og svaraði að það færi eftir hvernig það væri túlkað, „en ég sagði að hún væri ólæs, sem hún er, hún er ómenntuð, en það er það eina sem ég veit um hana. Ég held að hún hafi verið reið út af þessu.“ A

sagðist hafa notað þessi orð „í góðu samhengi, ég vorkenndi henni, hún er náttúrliga bara kona föður míns og menntun væri kannski frekar sterkt vopn gegn einhverjum svona.“

A var spurð hvort hún hefði verið í uppnámi eða ójafnvægi þegar hún hefði verið búin að gefa skýrslu. Brotapolinn svaraði að hún hefði ekki verið í ójafnvægi en samt í uppnámi. Við skýrslugjöfina „truflaði mig smá að pabbi minn væri að hlæja að mér og gera einhver hljóð svona inn á milli og svona hneykslisviðbrögð, það var svolítið óþægilegt, og ég tók það líka fram í símtalinu, ég varaði mömmu mína við“. A hefði látið móður sína vita að ákærði „væri að hlæja“ og hefði sagt móður sinni að láta það ekki trufla sig. A hefði einnig sagt bróður sínum þetta áður en hann hefði gefið skýrslu.

A sagðist ekki hafa vitað að hluti samtalsins hefði verið hljóðritaður.

Hún var spurð um uppskrift af hluta samtalsins, sem lögð var fram í málinu og svaraði að hún kannaðist við „stóran hluta af því“ en þar væri „mjög mikið tekið úr samhengi.“ Það sem þar væri skráð hefði ekki verið sagt í einni samfellu. Brotapolinn sagðist aldrei hafa kallað I „aumingja“. Brotapolinn sagðist ekki hafa sagt annað neikvætt um hana annað en „að hún væri ólæs og ég vorkenndi henni í því samhengi.“

Brotapoli sagðist oft hafa sagt að menntun væri „eina vopn konu gagnvart karlmanni“ og það hefði hún átt við í samtalinu. I þyrfti slíkt vopn ef hún vildi „losna undan honum“.

Að því er varðar ummæli um verjanda ákærða sagðist brotapolinn hafa talað um að verjandinn væri ekki sérhæfður í sakamálaréttarfari en ekki að hann væri ekki hæfur [...].

A sagðist telja að hún hefði ekki efnislega rætt framburð sinn fyrir dómi í símtalinu.

Hún sagðist telja að milli sín og I hefðu verið um fjórir til sex metrar.

Hún sagði að einum degi eða tveimur dögum síðar hefðu ákærði og I farið að vinnustað hennar og farið fram á að henni yrði sagt upp. Hún hefði ekki verið stödd þar og þeim hefði ekki verið hleypt inn. Hún sagði að óþægilegt hefði verið að vita af þessu. Henni hefði verið sagt að þau hefðu verið „einstaklega æst“.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök að öllu leyti. Fyrir dómi skýrði hann framburð þeirra A og B, með því að móðir þeirra, fyrrverandi eiginkona hans, C, hefði heilaþvegið þau og

misnotað „hreint hjarta“ þeirra. Þá sagði ákærði að hann væri kvæntur aftur og hefði fyrrverandi eiginkona sín orðið „brjáluð“ við það.

Um það, hvernig C hefur tekið því að ákærði gekk í hjónaband á ný, verður í sjálfu sér ekkert fullyrt. Sjálf sagði hún fyrir dómi að sér væri sama. Enginn annar en ákærði bar um að hún væri reið yfir þessu. Þau ákærði báru bæði fyrir dómi að það hefði verið hún sem óskaði eftir skilnaði þeirra. Þykja engin efni til að leggja til grundvallar að hugsanleg reiði C vegna nýs hjónabands ákærða skipti máli í þessu sambandi.

Að mati dómsins hefur ekkert sérstakt komið fram í málinu sem bendir til þess að fyrrverandi eiginkona ákærða sé nokkur driffjöður þeirra ásakana sem á hann hafa verið bornar í málinu. Hjónabandi þeirra ákærða lauk í ágúst 2019 og að hennar ósk en ekki hans. Í hjónaskilnaðarbók er bókað sátt sé um fjárskipti og sameiginlega forsjá [...] barna þeirra sem þá höfðu ekki náð átján ára aldri. Það er brotaþolinn A, þá [...] ára gömul, sem leggur fram kærú á hendur ákærða hjá lögreglu í apríl 2018, vegna meðal annars þess atviks sem fjallað er um í ákærulið I, og kallar lögreglu á heimilið tæplega ári síðar vegna þess atviks sem fjallað er um í ákærulið II. Af gögnum málsins verður að vissu leyti ráðið að þær mægður, hún og C, hafi ekki verið sérstaklega nánar á unglingsárum A. Gögn málsins gefa til kynna að A hafi á unglingsárum leitað sér sérfræðiaðstoðar. Þannig greindi E sálfræðingur frá því fyrir dómi að A hefði á árinu 2017 komið í fjórtán viðtöl, auk símtala og funda, og greint frá mikilli vanlíðan sinni á heimilinu. Svo sem nánar verður rakið síðar sögðu vitnin J, K, G og F, sem allar voru vinkonur A á menntaskólaárum, fyrir dómi að hún hefði sagt þeim af erfiðum heimilisaðstæðum og að minnsta kosti þrjár fyrst töldu sögðu að hún hefði sagt frá ofbeldi sem hún hefði verið beitt. Þá er sannað í málinu, með vottorði H lækni og skýrslu læknisins fyrir dómi, að í skrá Landspítalans er skráð að A hafi í forviðtali [...] spítalans í október 2017 sagt að ákærði hafi oft lagt hendur á móður hennar og slegið systkinin. Ekkert hefur komið fram í málinu sem styður að það hafi verið fyrir heilapvott móður sinnar að A talaði með þeim hætti, sem hér hefur verið rakið, við lögreglu, sálfræðing, [...] og vinkonur sínar. Þá hefur ekkert sérstakt komið fram í málinu sem bendir til að B, sem nú er kominn yfir tvítugt, hafi tjáð sig með þeim hætti sem hann hefur gert og rakið hefur verið, vegna slíks heilapvottar.

Af hálfu ákærða hefur verið vísað til símtals sem A átti við móður sína að lokinni skýrslugjöf fyrir dómi. Af hálfu ákærða var vísað til þess að A hafi þar talað með niðrandi hætti um núverandi eiginkonu ákærða, I. Fyrir dómi sagðist A hafa talað um að eiginkona

ákærða væri ólæs, sem væri rétt, en það hafi ekki verið gert í niðrandi skyni heldur af vorkunn. Með menntun gæti I fengið sterkt vopn sem gæti gagnast henni vel. Ljóst er af skýrslu I fyrir dómi að henni sárnaði það sem hún heyrði af orðum A, en það breytir ekki því að skýringar A á orðum sínum geta hæglega verið réttar. Um það verður engu slegið föstu, en samtalið liggur hvorki fyrir í heild né í samhengi. Kæra A til lögreglu 2018, tilkynning hennar til lögreglu 2019, forviðtal hennar við [...] 2017, meðferð hennar hjá sálfræðingnum E 2017, og samskipti A við vinkonur sínar á [framhaldsskólaárum], áttu sér stað þegar foreldrar hennar voru enn í hjúskap. Það að ákærði sé nú kvæntur öðru sinni hafði eðli málsins samkvæmt engin áhrif á orð og gerðir A á þeim tíma. Hugsanleg viðhorf hennar nú til síðari eiginkonu ákærða, hvort sem þau eru jákvæð, neikvæð eða hvorugt, skiptu augljóslega engu máli á þeim tíma. Ekkert í því sem í málinu hefur verið rakið um orð A í símtalinu bendir til þess að hún hafi farið með ósannindi fyrir dómi.

Í ákærulið I er ákærða gefin að sök nánar lýst árás sem hann hafi gert á A árið 2016 og valdið hafi nánar greindum áverkum. A leitaði ekki læknis eftir atvikið og ekkert slíkt vottorð liggur fyrir um hugsanlega áverka. Enginn annar en hún hefur borið um að hafa séð atvikið. Fyrir liggja ljósmyndir af þerripappír sem í eru rauðir blettir sem virðast geta verið blóðkám. Af myndunum sjálfum verður ekki ráðið sérstaklega hvaðan og með hvaða atvikum það blóð er komið, sem ætla má að þar sjáist.

Fyrir dómi sagði B, sem vissulega er náskyldur A en einnig ákærða, að hann hefði verið inni í herbergi sínu á heimilinu umrætt sinn. Hann hefði heyrt „öskur og reiði“ í ákærða og A. Hann hefði heyrt hljóð eins og högg kæmu á mann og hefði þeim hljóðum fylgt aukinn grátur. B sagðist ekki hafa séð áverka á A en þegar hann var nánar spurður sagðist hann hafa séð sprungna vör. Borið var undir B það sem eftir honum er haft í lögregluskýrslu að umræddan dag hafi verið „mikið af öskri og ofbeldi“ og A verið með sprungna vör eftir á, ákærði og A hefðu verið að rífast og atburðarásin hefði byrjað í anddyrinu og endað inni í herbergi. B staðfesti að hann hefði sagt þetta við lögreglu og þetta væri rétt frásögn. Sérstaklega spurður hvort hann myndi eftir að hafa séð blóð svaraði hann: „Bara vörina en ekki á pappír“. Hann sagðist muna eftir að hafa séð blóð á vör A. Hann hefði ekki komið úr herbergi sínu fyrr en einhverjum klukkutímum eftir atburðarásina en hefði þá séð sprungna vör. Blóðið, sem hann hefði séð, hefði verið á vörinni. Spurður um þau orð sín að upphafið hefði verið í anddyrinu og lokin inni í herbergi svaraði hann: „Ég heyrði það þannig.“ Í íbúðinni væru „þunnir veggir og maður heyrir alveg allt sem gerist á öllu heimilinu, frá öllum stöðum.“ Herbergi hans hefði verið

milli herbergis foreldra hans og herbergis A. Anddyrið hefði verið „beint fyrir utan herbergi foreldra“ hann. B hefði þannig heyrt atburðarásina færast frá anddyrinu, fram hjá herbergi brotaþolans og inn í herbergi A. Að mati dómsins fær frásögn A umtalsverða stoð með skýrslu B fyrir dómi.

C gaf skýrslu hjá lögreglu 3. september 2020 og sagði þá um ætlað atvik 30. ágúst 2016 að sjálf hefði hún ekki séð atvikið en A sagt henni af því um leið og C hefði komið heim. Í skýrslugjöfinni sagði C ekki sjálf frá atvikinu heldur var henni kynnt frásögn A. C gaf skýrslu að nýju hjá lögreglu 22. janúar 2021. Var henni þá kynnt ætluð atburðarás 30. ágúst 2016 svo sem A hefði lýst henni. Eftir C er svo haft að A hafi verið „með rautt mar sem sást mjög greinilega á rifbeinum, ég man ekki hvort það var hægra eða vinstra megin. Hún tók myndir af þessum áverkum. Þegar ég kom heim þá sá ég að hún var með sprungna vör. Hún sýndi mér líka áverkana við rifbeinin á sér.“ C er þá spurð á hve löngum tíma A hafi jafnað sig á áverkunum og eftir henni er haft: „Hún var aum í kringum rifbeinin í einhvern tíma, ég get ekki sagt til um hversu langan tíma.“ Lýsti A því ekki í frjálstri frásögn hvað A hefði sagt um atvikið og var auk þess kynnt að A hefði borið um sprungna vör og um að hafa verið rauð og aum við rifbein. Dregur þetta úr þýðingu svara hennar en allt að einu liggur fyrir með þessum hætti að í skýrslutökunni kvaðst hún hafa séð sprungna vör áverka við rifbein.

C gaf skýrslu fyrir dómi. Þar sagði hún, spurð um atvik ákæruliðar I, að hún hefði ekki verið á staðnum. Þegar hún hefði komið heim, líklega stuttu eftir atburðarásina, hefði A verið grátandi og með skurð á vör. Hún hefði verið með bréf með blóði í og hefði sagt ákærða hafa lamið sig, „bara alveg frá hurðinni þegar hún kom inn og búinn að sparka í hana“. A hefði sýnt vitninu mar á rifbeinum. A hefði viljað kæra ákærða en vitnið hefði róað hana og fengið hana til að kæra ekki. Vitnið hefði ekki viljað að fjölskyldan sundraðist. Skýrsla C fyrir dómi var trúverðug og ekki í ósamræmi við það sem kom fram hjá henni hjá lögreglu. Frásögn A fær mikla stoð með skýrslu C fyrir dómi.

Svo sem rakið hefur verið hefur A borið víðar en hjá lögreglu og fyrir dómi að hún hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi ákærða. Þannig liggur fyrir í málinu að í skráum Landspítalans er skráð að A hafi í forviðtali [...] spítalans í október 2017 sagt að ákærði hafi oft lagt hendur á móður hennar og slegið systkinin. Fyrir dómi gáfu skýrslu fjórar vinkonur A frá [framhaldsskólaárum]. Vitnið J sagði að A hefði sagt sér að ákærði hefði beitt hann ofbeldi. Hún hefði sagt að hún hefði verið „slegin eða tekin fast í hana.“

Vitnið F sagði að A hefði talað um erfiðar heimilisaðstæður og ótta um að verða fyrir ofbeldi. F sagðist ekki hafa séð áverka á henni en ráma í umræðu um mynd „um að hún hefði verið með blóðnasir eða eitthvað.“ Fyrir dómi var borið undir F, það sem eftir henni er haft í lögregluskýrslu, að í minningunni væru ekki nákvæmar lýsingar, A hafi verið slegin, henni verið hrint, það hafi verið ýtt á hana, notuð ljót orð og öskrað á hana. F sagðist hafa sagt þetta við lögreglu. Hún var spurð hvort A hefði sagt þetta við hana eða hvort vinkonur hennar hefðu haft þetta eftir A og svaraði að hún myndi það ekki nákvæmlega en væri „nokkuð viss um að það hafi verið eitthvað sem hún hafi sagt við mig“, en tók fram að mjög langt væri um liðið. Vitnið K sagði að þegar þær hefðu verið um [...] ára gamlar hefði A sagt grátandi að ákærði hefði slegið hana. A hefði í eitt skipti sýnt sér mynd sem sýndi blóð á pappír og gefið þá skýringu, að því er K minnti, að ákærði hefði verið „brjáláður“ út í A. Vitnið G var spurð hvort A hefði talað um líkamlegt ofbeldi og svaraði að A hefði sýnt „mynd af pappír með blóði eftir að hún hafði fengið sprungna vör eftir“ ákærða.

Augljóslega sannar enginn sögu sína með því einu að segja hana öðrum. Hitt er ljóst að sýnt hefur verið fram á í málinu að A sagði á [framhaldsskólaárum] sínum fjórum nánnum vinkonum frá með þessum hætti. Það að tjá sig við nánar vinkonur með þessum hætti, um það leyti sem ætla verður að það hafi hún gert, væri að mati dómsins ekki óeðlileg gjörð hjá unglingsstúlku sem hefði orðið fyrir háttsemi eins og þeirri sem A ber um. Þótt þessar samtímafrásagnir hennar við nánar vinkonur sanni ekki frásögn A verða þær metnar sem stuðningur við þær. Þá er framburður K því sérstaklega til stuðnings að A hafi um þetta leyti sýnt mynd af þerripappír með blóðblettum og skýrt með því að ákærði hafi orðið „brjáláður út í A.

Vitnið E sálfræðingur sagði að A hefði verið í meðferð hjá sér og komið í fjórtán viðtöl frá janúar til desember 2017. Fyrir dómi sagði E að A hefði „ekki greinanlega“ talað um að hún hefði verið beitt líkamlegu ofbeldi heima fyrir. E sagði jafnframt að vel gæti verið að A hefði greint frá því en E „ekki náð því“ og ekki skráð það eða munað það. Margt hefði verið í gangi og A í miklu uppnámi. Fyrir dómi sagði E að hún hefði jafnan þurft að meta hvort stúlkan lýsti svo slæmum heimilisaðstæðum að skylt væri að tilkynna það til barnaverndar og í því ljósi er sennilegt að lýsing á beinu líkamlegu ofbeldi hefði ekki farið fram hjá sálfræðingnum. Þá liggur fyrir óundirritað minnisblað vegna einkaviðtals við A og sálfræðing hennar. Verður að miða við að skjalið hafi verið samið á vegum barnaverndar eftir að E hafi fylgt A þangað á fund. Í skjalinu er ekki

greint frá frásögn um líkamlegt ofbeldi. Þykir verða að draga þá ályktun af því sem hér hefur verið rakið að A hafi ekki talað um líkamlegt ofbeldi við sálfræðinginn og barnavernd á umræddum tíma. Í því sambandi verður að horfa til þess að E sálfræðingur sagði einnig fyrir dómi að framan af meðferðinni hefði A ekki viljað að haft yrði samband við barnavernd og hefði ekki viljað „sprengja fjölskylduna upp“. Þegar horft er á allt það sem hér hefur verið rakið þykir sem ekki verði af því dregnar afgerandi ályktanir um efni ákæruliðar I.

Þegar horft er á allt framanritað, sérstaklega þá stoð sem skýrsla C veitir frásögn A, en C kvaðst hafa séð umrædda áverka á A við komu sína á heimilið stuttu eftir atburðarásina, og svo skýrsla B, sem lýsti því hvað hann hefði heyrt af atburðarásinni, en einnig það annað sem rakið hefur verið og metið frásögn A til stuðnings, þykir verða að leggja til grundvallar gegn neitun ákærða að ákærvaldið hafi fært lögfulla sönnun fyrir því að ákærði hafi 30. ágúst 2016 slegið A í andlit og svo farið á eftir henni inn í herbergi hennar og sparkað þar í bók hennar og af þessu hafi hún hlotið sprungna vör og roða og eymsli í kringum rifbein svo sem í ákæru er rakið.

Að því er varðar ákærulið II koma þrjú við sögu, ákærði og börn hans A og B. Strax um morguninn, eftir að þeir feðgar hafa hvor í sínu lagi farið af heimilinu, hefur A samband við lögreglu og segir henni í framhaldinu sögu sína. Þá sögu hefur B stutt, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Þegar B gaf skýrslu hjá lögreglu 2. september 2020 var honum í upphafi kynnt að A hefði borið um að ákærði hefði sagt henni að fara inn en ella myndi hann berja hana svo mikið að hún gæti ekki andað fyrir blóði, B hafi skipt sér af og þá hefði ákærði hótad að berja hann líka. Eftir B er í skýrslunni haft að þetta sé rétt. Samkvæmt þessu sagði B því ekki frá atburðarásinni í frjálstri frásögn heldur staðfesti þá frásögn sem lögregla hafði eftir A. Dregur þetta úr þýðingu þessa framburðar B hjá lögreglu. Það breytir ekki því að það sem hann segir hjá lögreglu er í samræmi við það sem hann segir síðar fyrir dómi. B gaf skýrslu að nýju hjá lögreglu 28. janúar 2021. Sagði hann í upphafi að rifrildi hefði verið milli hans og ákærða, A hefði komið í rifrildið B til aðstoðar. Ákærði hafi verið búinn að taka bíllykla af B „og hún reyndi að fá þá til baka og hann var þá með hótanir í hennar garð.“ Hann var þá spurður „Hvernig brást A við þegar faðir ykkar hótadi „ef hún færir ekki inn inn myndi hann berja hana svo mikið að hún gæti ekki andað fyrir blóði“?“ Eftir B er haft að hann minni að A hafi farið að gráta, ákærði hafi farið í vinnuna en A hringt til lögreglu.

Fyrir dómi sagði B að ákærði og A hefðu lent í rifrildi „og það endar í hótunum og gráti“, en ákærði hefði sagt A að hann myndi lemja hana svo mikið að hún myndi kafna í blóði, „eða eitthvað þannig“. Ákærði hefði sagt við B að ef hann vaknað ekki myndi ákærði lemja hann. B bar þannig fyrir dómi um að ákærði hefði sett fram hótanir með þeim hætti sem í ákæru er rakið.

Þegar á allt framanritað er horft þykir verða að leggja til grundvallar að með skýrum framburði þeirra beggja fyrir dómi, A og B, hafi verið færð lögfull sönnun gegn neitun ákærða þess efnis að hann hafi á umræddum tíma hótað A svo miklum barsmíðum að hún gæti ekki andað fyrir blóði og B barsmíðum. Ekki verður fullyrt hvorar hótanirnar hafi verið settar fyrr fram en það þykir í sjálfu sér engu breyta. Voru þessar hótanir til þess fallnar að vekja A ótta um líf, heilbrigði og velferð sína og B ótta um heilbrigði og velferð sína.

Í ákæru er sú háttsemi er ákærða er gefin að sök heimfærð til 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Í ákærulið I er ætluðum verknaði ákærða lýst sem líkamsárás sem brotþoli hafi fengið nánar greinda áverka af. Ekki er í ákæru sérstaklega vísað til þess að með því hafi lífi, heilsu eða velferð hennar verið ógnað, eins og telja verður að rétt hefði verið að gera í ljósi verknaðarlýsingar 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga sbr. c lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála. Af ákærunni er hins vegar ljóst hverjar sakargiftir eru og þykir vörn ákærða ekki hafa orðið áfátt vegna þess hvornig ákæra er fram sett, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð sakamála.

Í 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga segir að hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógni lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Er þannig skilyrði þess að háttsemi verði felld undir ákvæðið að hún sé endurtekin eða alvarleg ógn við líf heilsu eða velferð þess brotþola sem í hlut á. Að því er varðar háttsemi ákærða gagnvart A er til þess að líta að með háttsemi sinni samkvæmt ákærulið I brýtur fullorðinn maður gegn unglingsdóttur sinni sem hann á allskostar við, á heimili þeirra, með höggum í andlit og fylgir henni eftir inn í herbergi hennar þar sem hann sparkar í bók hennar, og hlýtur hún áverka af hvorutveggja. Er þessi háttsemi til þess fallin að vekja mikla ógn hjá brotþolanum. Með háttsemi sinni samkvæmt ákærulið II hótar hann henni líkamsmeiðingum, sem af hún af orðanna hljóðan mátti ætla að yrðu

alvarlegri en þær sem fjallað var um í ákærulið I. Var hótun ákærða mjög til þess fallin að vekja hjá dóttur hans ótta um líf, heilbrigði og velferð sína, þótt atburðarásin muni hafa tekið skamman tíma. Þegar á allt framanritað er horft og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 42/2021, einkum efnisgreinum 28 og 29 eftir því sem við á, verður háttsemi ákærða gagnvart A felld í heild undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga svo sem gert er í ákæru.

Sú háttsemi ákærða gagnvart B, sem hann er ákærður fyrir í málinu, felst í munnlegum hótunum um barsmíðar. Hótanirnar voru settar fram með orðum einum, atburðarásin mun hafa tekið skamman tíma og ákærði yfírgaf heimilið að henni lokinni. Þegar á þetta er horft og þá meginreglu sakamálaréttar að skynsamlegan vafa skuli skýra ákærða í hag þykir ekki verða lagt til grundvallar að háttsemi ákærða gagnvart B hafi umrætt sinn verið þess eðlis að hún verði felld undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Verður hún þess í stað felld undir 233. gr. sömu laga en við munnlegan málflutning var slík heimfærsla meðal annars reifuð. Þykir vörn ákærða hér í engu hafa verið áfátt. B sagði fyrir dómi að hann hefði ekki orðið hræddur en hann hefði verið orðinn „smá eldri þá“ og vanur slíku. Spurður hvort hann hefði tekið hótunina alvarlega svaraði hann: „Maður veit aldrei með hann, svo já.“ Samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga er hótun refsiverð ef hún er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra. Það er því ekki skilyrði refsinaemis að hótun hafi í raun haft þessi áhrif. Má um þetta vísa til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 508/2015.

Við ákvörðun refsingar verður að horfa til þess að ákærði, sem er [...] að aldri, hefur samkvæmt sakavottorði ekki sakaferil. Þá er töluverður tími liðin frá brotunum, einkum að því er varðar ákærulið I, en ákæra er gefin út rúmlega sex árum að eftir að atvik ákæruliðar I átti sér stað og fjórum og hálfu ári eftir að kæra vegna þess var fyrst lögð fram. Er ekki við ákærða að sakast um það hversu langan tíma málið hefur tekið. Brotin voru framin á heimili brotapolanna. Að því er varðar brot gegn B er til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga að líta en til þess ákvæðis er ekki horft þegar tiltekin er refsing vegna brots gegn 1. mgr. 218. gr. b sömu laga enda verður slíku broti ekki beint gegn öðrum en nákomnum. Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í átta mánuði en fullnustu hennar frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði hefur framið ólögmeta meingerð gegn brotapolum báðum og ber bótaábyrgð á. Er þar sérstaklega til að líta að háttsemi hans samkvæmt ákærulið I beindist gegn [...] ára gamalli dóttur hans og er augljóslega til þess fallin að hafa alvarleg og íþyngjandi áhrif á hana á viðkvæmum mótunarárum. Háttsemi samkvæmt ákærulið II er einnig til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á brotapolana. Þegar á allt er horft verður ákærði dæmdur til að greiða brotapolanum A eina milljón króna en brotapolanum B 400.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir en bótakröfur munu hafa verið birtar ákærða 10. nóvember 2022. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Jónssonar lögmanns, ákveðast með hliðsjón af tímaskýrslu og umfangi málsins 1.657.260 krónur með virðisaukaskatti. Í málinu andmælti ákæruvaldið kröfu ákærða um vitnaleiðslu og fór fram málflutningur um ágreiningsefnið. Úrskurður um það var í framhaldinu kærður til Landsréttar sem úrskurðaði ákærða í vil. Þegar á þetta er horft og einnig að vissu leyti heimfærslu að hluta vegna ákæruliðar II þykir rétt að fjórðungur málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði en þrír fjórðuhlutar af ákærða. Útlagðan kostnað verjanda, 12.900 krónur, ber ákærða að greiða. Þóknun skipaðs réttargæzlumanns beggja brotþola, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmanns, ákveðst með hliðsjón af tímaskýrslu og umfangi málsins 2.862.540 krónur með virðisaukaskatti. Þegar horft er til þess að umtalsverður hluti vinnu lögmannsins var vegna niðurfellinga máls á rannsóknarstigi og kæra vegna þeirra ákvarðana sem og þess sem rakið hefur verið um ágreining um vitnaleiðslu þykir rétt að þrír fjórðuhlutar þóknunarinnar greiðist úr ríkissjóði en fjórðungur af ákærða. Loks verður ákærða gert að greiða 66.948 króna sakarkostnað vegna læknisvottorðs en ekki þykja efni til að gera ákærða að greiða annan sakarkostnað. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari með mál þetta. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í átta mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður falli hún að liðum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði A eina milljón króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. marz 2019 til 10. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 400.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. marz 2019 til 10. desember 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Jónssonar lögmans, 1.657.260 krónur, greiði ákærði að þremur fjórðuhlutum en ríkissjóður að fjórðungi. Ákærði greiði 12.900 króna útlagðan kostnað verjandans.

Þóknun réttargæzlumans brotaþola, Karólínu Finnbjörnsdóttur lögmans, 2.862.540 krónur, greiði ríkissjóður að þremur fjórðuhlutum en ákærði að fjórðungi.

Ákærði greiði 66.948 króna annan sakarkostnað.

Þorsteinn Davíðsson